

Móttökuáætlun

Þegar nemandi er tilkynntur í skólann er mikilvægt að starfsfólk skólans fái sem gleggstar upplýsingar um nemandann og fjölskyldu hans.

Því eru foreldrar boðaðir í viðtal ásamt væntanlegum nemendum við fyrsta tækifæri eftir að búið er skrá nemendur í skólann.

Verklagsreglur við móttöku nýrra nemenda.

1. Við skráningu í skólann sem skólastjórnandi framkvæmir, (skólastj. Aðst.skstj. eða deildarstjóri) er skráningarblað útfyllt (Eyðublað 1).
2. Skólastjórnendur undirbúa móttökuviðtal og taka til þau gögn sem nota skal. Starfsáætlun og námskrá prentuð út til afhendingar ef um er að ræða íslenskumælandi nemendur.
3. Stundaskrá viðkomandi bekkjar er afhent nemendum og upplýsingum um hádegismat, nesti, og heildagsskólann Dvöl komið til nemanda og foreldra.
4. Gengið skal úr skugga um það í viðtalinu hvort nemandinn hefur notið eða þarf að fá sérstakan stuðning í náminu. Afla skal sem gleggstra upplýsinga sem ekki er hægt að fá í gegnum Mentor.
5. Ef um erlenda nemendur er að ræða eru notuð þau gögn sem hægt er fá á móðurmáli nemendanna til afhendingar um skólastarf. Ef viðtal getur farið fram á ensku eru upplýsingar sem til eru á því máli um skólastarfið komið til foreldra. Í tíma skal ákveða hvort þörf er á að panta túlk fyrir viðtalið.
6. Þegar tímasetning viðtals liggur fyrir er haft samband við foreldrana og þeir boðaðir til viðtals á ákveðnum tíma.
7. Í viðtalinu eru: Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri / sérkennari af skólans hálfu, auk túlks þegar um erlenda nemendur er að ræða. Í viðtalinu verður fylgt því kerfi sem skólinn fylgir. Athuga skal með að hafa umsjónarkennara einnig í viðtalinu.
8. Í viðtalinu skal styðjast við sérstakt eyðublað til að afla þeirra upplýsinga um nemandann sem óskað er eftir.

Grunnskólinn á Eskifirði

Innskráning nýrra nemenda



Dags: _____

Nafn: _____ Kennitala _____

Sími: _____

Lögheimili: _____

Nafn móður _____ Kennitala _____

Nafn föður _____ Kennitala _____

Upplýsingar um nemandann:

Þjóðerni/Móðurmál _____

Trú _____

Tungumál _____

Lestrargeta _____

Skólafög sem nemandinn hefur sérstakan áhuga á:

Sund: _____

Áhugamál: _____

Eitthvað sem gæti haft áhrif á frammistöðu nemandans í skóla:

Lyf _____ Ofnæmi _____ Merkisdagar _____